

Mál nr. 4

U.M.F. Leiknir, Fáskrúðsfirði

gegn

KVA / Knattspyrnubandalag Vals og Austra, Reyðarfirði og Eskifirði

Kæra Leiknis F.

Undirritaður fyrir hönd U.M.F. Leiknis Fáskrúðsfirði kæra hér með úrslit bikarleiks KVA og Leiknis sem fram fór á Reyðarfjarðarvelli þann 23/5 1996 kl. 20:00, úrslit 2-1 tvö gegn einu. Ástæða þess að ég kæri leikinn er sú að lið KVA notaði leikmann nr. 11 Sigurjón G. Rúnarsson kt: 280474-4209, sem ég tel að hafi átt að vera í leikbanni samkvæmt úrskurði aganefndar KSÍ þann 8/8 1995. Samanber ákvæði 4.4.4.1. um ólöglega skipaða leikmenn, í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Fyrir hönd Knattspyrnuráðs U.M.F. Leiknis.

Óðinn Ómarsson formaður.

Hjálögð gögn skýrsla leiksins, og úrskurður aganefndar.

Úrskurður knattspyrnudómstóls Austurlands

Ár 1996. laugardaginn 8. júní, er dómþing Knattspyrnudómstóls Austurlands háð með aðstoð síma og myndsíma í skrifstofu sýslumannsins í Neskaupstað, Miðstræti 18, s.st, af Bjarna Stefánssyni, sem staddur er á staðnum, Birni Hafþóri Guðmundssyni á Stöðvarfirði og Sigurjóni Bjarnasyni, Egilsstöðum.

Dómsorð:

Knattspyrnukappleikur KVA / Knattspyrnusambands Vals og Austra gegn U.M.F. Leikni, Fáskrúðsfirði í Mjólkurbikarkeppni KSÍ, sem háður var á Reyðarfjarðarvelli fimmtudaginn 23. maí 1996, dæmdist Knattspyrnusambandi Vals og Austra tapaður með markatölunni 0-3".

Dómsorðið er lesið upp að dómfellda fjarstöddum.

Dómsorðið er sent skrifstofu KSÍ samdægurs til birtingar skv. gr. 4.1.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 1993 með breytingum 1994 og 1995.

Fleira eki tekið fyrir
Dómþingi slitið.

Bjarni Stefánsson (sign.)
Björn Hafþór Guðmundsson (sign.)
Sigurjón Bajarnason (sign.)